

## **Þar sem smjöríð drýpur af hverju strái.**

Frostmark er sérhæft fyrirtæki í hönnun, smíði og lausnum á sviði kæli- og frystitækni. Ísland er aðalmarkaður Frostmarks en útflutningur er sívaxandi. Reynsla okkar á verkefnum í þróunarlöndum er fyrst og fremst bundin við Uganda. Um er að ræða tvo viðskiptavini þar, báðir á sviði fiskvinnslu.

Upphaf viðskipta íslensku fyrirtækjanna við Uganda hófust 1999 þegar aðili í Uganda setti sig í sambandi við Pols og bað um nokkrar vogir.

Síðla sama ár kom fyrirspurn frá sama aðila þar sem spurt var hvort möguleiki væri á að fá íslenskan aðila til að sjá um hönnun á fyrirhuguðu frystihúsi sem átti að reisa við Viktoríuvatn í bænum Jinja. Það gekk eftir og fóru þessir aðilar til Uganda og gengu frá samningi um hönnun hússins og kaup á fleiri vogum, nokkrum vélum. Teiknað var frystihús þar sem skipulag innanhúss var fullhannað bæði hvað varðar fyrirkomulag og vinnsluferli allt.

Þegar hér var komið sögu hafði Pols sambandi við okkur vegna kæli- og frystibúnaðarins sem þurfti í húsið og í framhaldinu fóru starfsmenn Frostmarks og Pols til Uganda til að þarfagreina og undirbúa tilboðsgerð. Þá voru einnig fleiri fyrirtæki tekin í hópinn sem höfðu búnað að bjóða til verksins. Fyrripart árs 2002 var búið að vinna hönnun og tilboð klárt frá íslensku fyrirtækjunum.

Gengið var síðan frá samningi í Brussel nokkrum vikum síðar. Samningur þessi var um sölu alls vélar og tækjabúnað fyrir frystihúsið í Jinja. Stærstur hluti þessa búnaðar var kæli- og frystibúnaður. Því var það að samkomulagi að Frostmark tæki að sér að vera í forsvari fyrir þau fyrirtæki sem kæmu að þessu verkefni og hefur svo verið síðan.

Þau fyrirtæki sem komið hafa að þessum verkefnum eru m.a. auk fyrrnefndra Blikksmiðurinn, Skaginn, Borgarplast og Marel.

Allur þessi búnaður var seldur FOB og engin uppsetning eða önnur vinna í Uganda innifalin í þessum samningum. Kaupandi óskaði eftir að fá að gera samning um uppsetningu síðar. Gert var tilboð í uppsetningu en þau verð sem íslensku fyrirtækin buðu voru ekki í takt við það sem kaupandinn hafði áætlað. Niðurstaðan var að kaupandi samdi við íslenskan tæknifræðing um að stjórna uppsetningu búnaðar og voru fengnir iðnaðarmenn frá Indlandi og Kenýa ásamt innlendum starfsmönnum til uppsetningar búnaðar. Jafnframt fór tæknimaður frá Frostmarki reglulega til Uganda til eftirlits og úttektar.

Þegar komið var að prufukeyrslu alls búnaðar voru sendir þrír tæknimenn frá Frostmarki til Uganda og tók það þá fjórtán daga að koma verksmiðjunni í gang sem er vel að verki staðið og sýnir að vel hafi verið staðið að uppsetningu.

Þriðji samningurinn við fyrirtækið í Jinja var síðan undirritaður árið 2003 vegna þessa sömu verksmiðju. Um var að ræða viðbótar ísframleiðslu, fiskvinnsluvélar, þrifakerfi, stígvél, hlífðarföt, fiskikör og varahluti.

Þess má geta að þessi verksmiðja í Jinja er mjög stór á íslenskan mælikvarða. Grunnflötur hússins er um 5.600 fermetrar. Verksmiðjan er einnig vel tækjum búin.

Talið er að þetta sé stærsta og fullkomnasta verksmiðja sinnar tegundar í mið-austur Afríku.

Þegar séð var fram á að verksmiðjan væri að verða fullbúin kom eigandi hennar að máli við okkur sem að verkefninu stóðu og vildi kanna hvort hægt væri að fá aðstoð íslenskra aðila til að kenna fólki á þessi nýju tæki og sérstaklega til að þróa vinnslu sérválinnar framleiðslu þar sem verð væru mun hagstæðari en á flakaframleiðslu. Í stuttu máli varð það niðurstaðan að fyrirtækin sem komu að verkinu ásamt Þróunarsamvinnustofnun Íslands og Útflutningsráð sem höfðu greitt götu okkar á ýmsan hátt kostuðu sérhæfðan fiskiðnaðarmann í eitt ár til að koma vinnslunni í sem best horf. Fiskiðnaðarmaðurinn starfaði þarna í eitt ár. Með aðstoð viðskiptaþróunar Utanríkisráðuneytisins var sendur svokallaður “markaðsmaður til leigu” til Uganda á vegum Útflutningsráðs, Frostmarks, Marels, Skagans og Borgarplasts. Starfaði hann þar í eitt ár.

Árið 2004 var svo undirritaður samningur við annað fyrirtæki í Uganda. Um var að ræða litla sjálfbæra verksmiðju. Einingahús, fiskikör, vinnslulínur, vogir, ísframleiðslu, kæli- og frystibúnað til frystingar og geymslu. Ráðgert var að staðsetning frystihússins yrði við Lake Albert sem er stöðuvatn sem skilur að Uganda og Kongó. Veiði er talsverð í vatninu en engin vinnsla þar, hráefnið er allt keyrt um langan veg m.a. til Kampala og Entebbe.

Tækjum og tólum var svo skipað út héðan í september 2005 og sent af stað til Uganda þangað sem það kom í janúar 2006. Til stóð að sendir væru tæknimenn frá Frostmarki til stjórnunar á uppsetningu eins og í fyrra verkinu og síðar tæknimenn til gangsetningar. Það hefur ekki enn orðið enda er öll verksmiðjan nú komin til Mauritius (eyja austur af Madagaskar) þar sem hún verður sett upp fljótlega með aðstoð okkar manna.

Umsvif viðskipta við þessi fyrirtæki í Uganda eru talsverð sérstaklega fyrir Frostmark sem hefur haft stærri hluta sölunnar í þessum verkefnum.

Í þremur tilfellum var hluti samningsupphæðar fjármagnaður með láni frá Íslenskum banka með ábyrgð Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins með ríkisábyrgð en hluti lásupphæðarinnar var gegn ábyrgðum frá fyrirtækjunum. Einn lánasamningur af þremur er þegar uppgreiddur.

Ég tel mikilvægt að hægt sé að bjóða bankafyrirgreiðslu frá Íslandi. Það ræður miklu um að íslensk fyrirtæki geti selt vörur sínar á þessa markaði. Stór galli þessara lánaviðskipta er hins vegar sá að lánin eru til of skamms tíma eða aðeins til tveggja ára. Með tilliti til framkvæmdatíma á þessum slóðum þá er reynslan sú að verksmiðjurnar eru fyrst komnar í gang um það leyti þegar komið er að lokaafborgun lánsins. Þetta setur viðkomandi fyrirtæki í mikinn vanda og þarf að breytast. Lánstími þarf að vera minnst fimm til sex ár.

Okkar reynsla af viðskiptum við þessa aðila er í fyrsta lagi sú að mikil tiltrú og traust er borðið til Íslendinga og íslenskra fyrirtækja á þessum slóðum. Ekki er það síst vegna starfa Íslendinga við þróunaraðstoð á þessu svæði sem og gott samstarf íslenskra stjórnvalda við stjórnvöld eins og í Uganda. Árangur Íslendinga af veiðum, vinnslu og sölu á fiski er þekkt.

Þá er tækjabúnaður íslenskra framleiðslufyrirtækja fyrir fiskiðnað heimsþekkt.

Þegar horft er til fjárfestinga Íslendinga erlendis síðustu ár og þess mikla árangurs sem náðst hefur hjá íslenskum fjárfestum í okkar helstu viðskipta og nágrannalöndum þá er með ólíkindum að fjárfestar hafi ekki komið auga á möguleika víða í Afríku.

Afríka er ónumið land í samanburði við Evrópu hvað varðar möguleika til framtíðarfjárfestinga. Á því svæði þar sem við höfum starfað og þar í kring eins og í löndunum kringum Viktoríuvatn eru náttúruleg skilyrði með því besta sem þekkest á jörðinni. Þetta varðar t.d. landbúnað allan, fiskveiðar og fiskirækt. Auk þessa eru bundnar miklar vonir við að í jörðu finnist olía og verðmætir málmar samkvæmt rannsóknum sem tiltölulega eru nýhafnar. Ekki má svo gleyma varmaorkunni sem víða er þarna til staðar.

Til að koma hjólum atvinnulífsins af stað þarf stöðugt stjórnarfar. Þau mál virðast vera í jákvæðum farvegi. Menntun fólks þarf að bæta til muna. Markviss og nothæf stjórnun innan fyrirtækja þarf að bæta verulega. Hægvirkar, ómarkvissar og flóknar boðleiðir innan fyrirtækja eiga ótrúlegan þátt í takmörkuðum árangri.

Á þessu svæði eru möguleikar á matvælaframleiðslu gífurlegir og því erfitt að horfa upp þann skort og fátækt sem þar ríkir.

Þrátt fyrir auknar fjárveitingar í þróunaraðstoð til þessara landa tel ég brýt að stjórnvöld fara að huga að niðurrífi hafta og girðinga sem hamla þessum löndum að koma á markað sinni eigin framleiðslu sem í mörgum tilfellum er betri vara en við eigum að venjast. Það er kannski besta þróunaraðstoðin sem við getum veitt!

Af reynslu okkar og af því sem við höfum kynnst teljum við að einstök verkefni í þróunaraðstoð geti og eigi í auknum mæli að færast til fyrirtækja þar sem íslensk fyrirtæki vinnur beint með fyrirtæki eða stofnun viðkomandi þróunarlands að uppbyggingu. Það er mikilvægt að sá sem þiggur aðstoð verður að skynja sína hagsmuni til lengri tíma litið.

Að lokum þetta. Möguleikar í fjárfestingu, atvinnuuppbyggingu og hraðri þróun hljóta að vera miklir þar sem smjörrið drýpur af hverju strái

Garðabæ. 17. maí 2007

Guðlaugur Þór Pálsson.  
Gunnar Kr. Sigmundsson